

Fimmtudagurinn 27. september 2001

170. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 26/2001

**Afnám undanþágu fyrir Félag kjúklingabænda til að birta leiðbeinandi heildsöluverð á kjúklingum fyrir framleiðendur kjúklinga**

**I.**

**Málavextir**

**1.**

Þann 20. desember 1996 samþykkti samkeppnisráð beiðni Félags kjúklingabænda um að félaginu yrði veitt undanþága frá þágildandi a-lið 10. gr. samkeppnislaga, sbr. 12. gr. laganna, til að birta leiðbeinandi verð á kjúklingum fyrir framleiðendur kjúklinga. Undanþágan var veitt með vísan í þágildandi ákvæði 16. gr. samkeppnislaga. Forsenda ákvörðunar samkeppnisráðs var að jafnframt skyldi hætt opinberri verðlagningu á kjúklingum samkvæmt búvörulögum.

**2.**

Rök Félags kjúklingabænda fyrir erindi sínu árið 1996 um undanþágu til að birta leiðbeinandi verð á kjúklingum voru eftirfarandi:

*„1. Engin skylduaðild er að Félagi kjúklingabænda og hefur svo aldrei verið. Það er því ekki sjálfgefið að samkeppni yrði engin þó svo að félagsmenn reyndu að halda sig við leiðbeinandi verðskrá félagsins. Slík leiðbeinandi verðskrá hefur því aðeins gildi að hún endurspegli raunverulegar markaðsaðstæður á hverjum tíma. Hvorki einstakir kjúklingabændur né samtök þeirra geta notað þessa verðskrá til þess að knýja fram óeðlilega hátt verð í trássi við aðstæður á markaði.*

*2. Þrátt fyrir að opinber verðlagning hafi verið á kjúklingum hefur samkeppni verið mikil á kjúklingamarkaðnum og verulegir afslættir veittir frá skráðu verði. Mikil samkeppni hefur verið á kjötmarkaðnum og bendir margt til þess að hún fari harðnandi á næstu árum vegna innflutnings á kjötvörum. Því má ætla að áfram verði mikil samkeppni milli framleiðenda kjúklinga og kjötframleiðenda í heild þó svo að gefin verði út leiðbeinandi verðskrá. Þá má ekki gleyma því að kjúklingar eiga í harðri samkeppni við aðra búvöru, bæði innlenda og erlenda.*

*3. Í samkeppnislögum á Norðurlöndum eru nokkrar undanþágur til landbúnaðar sem heimila bændum eða fyrirtækjum þeirra að hafa ýmiss konar samráð og samstarf um verðlagningu og sölu búvara. Í sumum löndum er bannað að selja vörur undir*

*kostnaðarverði. Samkeppnislög á Íslandi eru ekki sambærileg við þetta enda hefur reynslan verið sú að óspart hefur verið gripið til þess að keyra verð á tilteknum landbúnaðarvörum langt niður fyrir kostnaðarverð í því skyni að fá ódýrar auglýsingar og laða að viðskiptavini. Í öllum tilfellum bitna óeðlilegir viðskiptahættir af þessu tagi á öllum framleiðendum viðkomandi vöru. Ekki er óeðlilegt að leyfa framleiðendum svipað samráð og samstarf hér og tíðkast víða annars staðar, t.d. með heimild til Félags kjúklingabænda til að birta leiðbeinandi verð á afurðum sínum, m.a. til að verjast óeðlilegum viðskiptaháttum smásöluverslunar.*

*4. Ljóst er að með því að hætta opinberri verðlagningu á kjúklingum er ekki verið að ógna hagsmunum neytenda. Það er ekki mikil hætt á að slíkt leiði til hækkunar á verði kjúklinga. Takist hins vegar ekki að fara þessa leið þannig að hagsmunum framleiðenda sé sæmilega borgið jafnt sem neytenda, liggur ekki annað fyrir en að taka aftur upp opinbera verðlagningu á kjúklingum skv. búvörulögunum.*

*5. Í 16. grein samkeppnislaga er samkeppnisráði heimilað að veita undanþágur frá 10., 11. og 12. gr. laganna að uppfylltum tilteknum skilyrðum. Félag kjúklingabænda telur að a) liður skilyrðanna verði uppfylltur þar sem samkeppni getur vart annað en aukist við að hætt sé opinberri verðlagningu á kjúklingum. Ennfremur að b) liður skilyrðanna verði uppfylltur þar sem leiðbeinandi verð stuðli að stöðugu framboði á kjúklingum á sanngjörnu verði.“*

## **II.**

### **Niðurstöður**

Á fundi samkeppnisráðs þann 27. september 2001 var ákvörðun tekin í máli þessu. Þátt í fundinum tóku Brynjólfur Sigurðsson, Tryggvi Axelsson, Sigurbjörn Magnússon, Karítas Pálsdóttir og Hrund Hafsteinsdóttir.

#### **1.**

Með því að samþykkja samkeppnislög sem tóku gildi snemma árs 1993 lýsti Alþingi yfir þeirri afstöðu að virk samkeppni í viðskiptum væri til þess fallin að vinna að hagkvæmri nýtingu framleiðsluþátta þjóðfélagsins. Önnur skipan í viðskiptum skyldi vera undantekning sem ákveðin væri með sérlægum.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara er sexmannanefnd skylt að verðleggja búvöru fari Bændasamtök Íslands og samtök framleiðenda þess á leit. Í þeim tilvikum er með lögum komið í veg fyrir verðsamkeppni milli búvöruframleiðenda.

Þegar Félag kjúklingabænda óskaði eftir undanþágu á grundvelli þágildandi 16. gr. samkeppnislaga til þess að birta félagsmönnum leiðbeinandi verð var það á þeirri

forsendu að félagið væri reiðubúið að falla frá opinberri verðlagningu á kjúklingum samkvæmt búvörulögum. Samkeppnisráð veitti umbeðna undanþágu og opinberri verðlagningu var hætt.

## 2.

Allt frá því að opinberri verðlagningu á kjúklingum var hætt og í raun áður en til þess kom hefur verð á kjúklingum farið hlutfallslega lækkandi. Verðið hefur í reynd þróast meira í samræmi við aðstæður á markaði en eftir verðleiðbeiningum kjúklingabænda sjálfra. Þar kemur til framleiðni aukning í greininni sem m.a. hefur leitt af því að á þessum tíma hefur kjúklingaframleiðendum fækkað og einstök bú hafa stækkað. Var svo komið á árinu 2000 að þrír stærstu aðilarnir í heildsölu á kjúklingum og kjúklingaafurðum voru með yfir 95% hlutdeild á markaðnum. Þar af var einn með rúmlega 50%. Þegar af þessari ástæðu telur samkeppnisráð ljóst að ekki séu lengur fyrir hendi forsendur til þess að heimila undanþágu til handa kjúklingabændum fyrir birtingu leiðbeinandi verðs á afurðum þeirra.

Samkeppnisstofnun ritaði Félagi kjúklingabænda bréf, dags. 25. júlí sl., þar sem félaginu var gefinn kostur á að koma að sjónarmiðum sínum um það hvort efni væri til að fella undanþáguna frá því í desember á árinu 1996 úr gildi. Félagið kaus að tjá sig ekki um bréf Samkeppnisstofnunar. Má draga þá ályktun af því að félagið telji það ekki lengur varða hagsmuni félagsmanna neinu að félagið birti þeim leiðbeinandi verð á afurðum þeirra.

## 3.

Með vísan til framanritaðs og með tilliti til breyttra áherslna í samkeppnislögum hvað varðar samstarf fyrirtækja, sbr. 10. og 16. gr. laganna, sem varð með gildistöku laga nr. 107/2000 telur samkeppnisráð að forsendur fyrir undanþágu Félags kjúklingabænda til að birta leiðbeinandi verð á kjúklingum, sem ráðið samþykkti með ákvörðun sinni nr. 46/1996, eigi ekki lengur við. Jafnframt skiptir hér máli að kjúklingaframleiðendur hafa haft rúman tíma til að laga sig að breyttum aðstæðum eftir að opinberri verðlagningu á kjúklingum var hætt. Samkeppnisráð telur því rétt að fella framangreinda undanþágu úr gildi. Í því felst m.a. að ákvæði 10. og 12. gr. samkeppnislaga taka að fullu til verðlagningar á kjúklingum. Er þetta í samræmi við markmið samkeppnislaga og til þess fallið að efla samkeppni neytendum til hagsbóta.

## III.

### Ákvörðunarorð:

**„Undanþága Félags kjúklingabænda til útgáfu leiðbeinandi verðs á kjúklingum fyrir framleiðendur kjúklinga sem veitt var með ákvörðun samkeppnisráðs nr. 46/1996 er hér með felld úr gildi.“**